

# Kaup í Hampiðjunni hf.

**Hampiðjan hf. var með almennt hlutafjárútboð dagana 25. maí 2023 til 2. júní 2023. Verð á hlut í áskriftarbók A í útboðinu var 120 kr.**

## 1 Hvar finn ég upplýsingar um kaupin?

- Upphafssíða
- Framtal 202X
- 1.01 Forsíða
- 1.01 Tekjusíða Helga
- 1.01 Tekjusíða Svanhvít
- 1.01 Fjármagnstekjur
- 1.01 Eignir og skuldir
- Prentvæn útgáfa
- Sundurliðunarblað
- Afrit af framtali 202X
- Fylgiskjöl Helgi
- Fylgiskjöl Svanhvít
- Sameiginleg fylgiskjöl
- Rekstrarblöð Helgi
- Rekstrarblöð Svanhvít
- Fyrir bændur
- Leiðbeiningar
- Vista/geyma framtalið
- Villuprófun

Þú ættir að eiga gögn um kaupin. Best er að hafa þau við hendina.

Upplýsingar um nafnverð og kaupverð kunna að vera neðst á sundurliðunarblaði.

Upplýsingar um hlutabréfin þín kunna að vera á fleiri en einum stað á **sundurliðunarblaðinu** og því er mikilvægt að finna viðeigandi upplýsingar. Svona birtast upplýsingar um kaup á sundurliðunarblaðinu.

```
Íslensk hlutabréf - Kaup

                              Seljandi  Kaupdagur  Nafnverð   Gengi  Kaupverð
Svanhvít Sæmundsdóttir
         Hampiðjan hf.     590169-3079  05.06.202X    4.167 120,0000  500.040
```

Ekki er öruggt að upplýsingar á sundurliðunarblaðinu séu réttar og því er góð regla að bera þær saman við gögn sem þú átt um kaupin.

**Kaupverð hlutabréfanna er nafnverð þeirra margfaldað með 120**

Ef þú hefur engin gögn í höndunum og upplýsingar eru ekki á sundurliðunarblaðinu eru nokkrar leiðir til að afla upplýsinga.

- Upplýsingar um kaup á hlutabréfum sem eru rafrænt skráð er hægt að nálgast í heimabanka.
- Upplýsingar um nafnverð hlutabréfaeignar og þær breytingar sem urðu á nafnverði árinu ætti að vera hægt að nálgast hjá viðkomandi félagi.
- Væntanlega eru upplýsingar um útgreiðslu af bankareikningi í heimabankanum sem sýna kaupverð.

## 2 Hvernig skrái ég kaup í Hampiðjunni?

- Upphafssíða
- Framtal 202X
- Fylgiskjöl Helgi
- Fylgiskjöl Svanhvít
- Sameiginleg fylgiskjöl
- 2.02 Greidd leiga
- 3.02 Eignakaup
- 3.02 sala eigna
- 3.03 Húsbyggingarskýrsla
- 3.15 Sala/innlausn verðbréfa
- 3.19 Hlutabréfaeign
- 3.25 Leigutekjur
- Rekstrarblöð Helgi
- Rekstrarblöð Svanhvít
- Fyrir bændur
- Leiðbeiningar
- Vista/geyma framtalið
- Villuprófun

Þar sem upplýsingar um kaup hlutabréfa eru ekki áritaðar á hlutabréfablað RSK 3.19, verður að fara inn á hlutabréfablaðið og gera grein fyrir kaupunum.

**1. Byrjað er á því að opna hlutabréfablaðið.**
Það er undir „Sameiginleg fylgiskjöl" ef framtali er skilað með maka, en annars undir „Fylgiskjöl".

**2. Næsta skref ræðst af því hvort þú áttir þegar hlutabréf í félaginu eða ekki.**

**Ef þú áttir í félaginu** er smellt á bláa hnappinn við hliðina á kennitölu félagsins

**Ef þú áttir ekki í félaginu** þarf að skrá inn kennitölu félagsins og velja svo bláa hnappinn. Ef það er ekki auður reitur fyrir nýja kennitölu, er smellt á hnappinn „Ný lína".







**3. Ef þú áttir ekki í félaginu fyrir kaupin þarftu að færa inn kennitölu kaupanda bréfanna í þrep 1 af 4. Ef þú áttir hlutabréf í félaginu fyrir kaupin eru þrepin þrjú.**

Hér sérðu á hvaða þrepi þú ert.

Hér er hægt að hreinsa færslu ef gerð hafa verið mistök.

Hér á að færa inn hver er kaupandi bréfanna. Kaupandi getur verið þú sjálfur, maki eða börn.

Hér er flett á milli þrepa.

**4. Upplýsingar um kaupin eru færðar í þrep 2 af 4 (er þrep 1 af 3 ef þú áttir þegar í félaginu) „Hlutabréfakaup og aðrar breytingar til hækkunar á árinu".**

Færðar eru inn upplýsingar um dagsetningu kaupa, kennitölu seljanda, nafnverð keyptra hluta og kaupverð í viðeigandi reiti.

Ef þú keyptir oftar en einu sinni í félaginu á síðasta ári á að setja inn upplýsingar um hver kaup fyrir sig í sér línu. Smellt er á hnappinn „Ný lína" til að fjölga línum.

**5. Að lokum er smellt á hnappinn „Áfram" til að komast er aftur á hlutabréfablaðið sjálft.**
Ekki er þörf á að fylla neitt út í þrepum 3 og 4 (er stundum þrep 2 og 3) nema hlutabréf í félaginu hafi verið seld á síðasta ári eða greiddur hafi verið út arður.

## 3 Hlutabréfablaðið fyrir og eftir skráningu kaupanna

### Hlutabréfablaðið áður en búið er að gera grein fyrir kaupum bréfanna

| Almennar upplýsingar | | | Hlutabréfaeign í upphafi árs | | Kaup | | Breyting | | Sala | | | | Arður og staðgreiðsla | | Hlutabréfaeign í árslok | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 Kennitala hlutafélags | | 2 Nafn hlutafélags | 3 Nafnverð | 4 Stofnverð (kaupverð) | 5 Nafnverð keyptra hlutabréfa | 6 Kaupverð | 7 Breyting á nafnverði | 8 Breyting á kaupverði | 9 Söluverð | 10 Nafnverð seldra hlutabréfa | 11 Stofnverð seldra hlutabréfa | 12 Söluhagnaður/sölutap | 13 Arður | 14 Staðgreiðsla af arði | 15 Nafnverð | 16 Kaupverð (stofnverð) |
| 410109-1230 | › | H&L hf. | 100.000 | 100.000 | | | | | | | | | 10.000 | 2.200 | 100.000 | 100.000 |
| | › | | | | | | | | | | | | | | | |
| ›› Ný lína | | **Samtals** | **100.000** | **100.000** | | | | | | | | | **10.000** | **2.200** | **100.000** | **100.000** |

### Hlutabréfablaðið eftir að búið er að gera grein fyrir kaupunum

| Almennar upplýsingar | | | Hlutabréfaeign í upphafi árs | | Kaup | | Breyting | | Sala | | | | Arður og staðgreiðsla | | Hlutabréfaeign í árslok | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 Kennitala hlutafélags | | 2 Nafn hlutafélags | 3 Nafnverð | 4 Stofnverð (kaupverð) | 5 Nafnverð keyptra hlutabréfa | 6 Kaupverð | 7 Breyting á nafnverði | 8 Breyting á kaupverði | 9 Söluverð | 10 Nafnverð seldra hlutabréfa | 11 Stofnverð seldra hlutabréfa | 12 Söluhagnaður/sölutap | 13 Arður | 14 Staðgreiðsla af arði | 15 Nafnverð | 16 Kaupverð (stofnverð) |
| 410109-1230 | › | H & L hf. | 100.000 | 100.000 | | | | | | | | | 10.000 | 2.200 | 100.000 | 100.000 |
| 590169-3079 | › | Hampiðjan hf. | | | 4.167 | 500.040 | | | | | | | | | 4.167 | 500.040 |
| ›› Ný lína | | **Samtals** | **100.000** | **100.000** | **4.167** | **500.040** | | | | | | | **10.000** | **2.200** | **104.167** | **600.040** |